



## D Ó M U R

12. apríl 2012

Mál nr. S-1277/2011:

Ákærandi: Ríkissaksóknari

*(Óli Ásgeir Hermannsson fulltrúi)*

Ákærðu: Andri Þór Eyjólfsson

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)*

Ágúst Jón Óskarsson

*(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)*

Bjarni Sigurgrímsson

*(Björgvin Jónsson hrl.)*

Hafþór Logi Hlynsson

*(Arnar Sigfússon hdl.)*

Dómarar: Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari

Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 12. apríl 2012 í máli nr. S-1277/2011:**

**Ákærvaldið**

*(Óli Ásgeir Hermannsson fulltrúi)*

**gegn**

**Andra Þór Eyjólfssyni**

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)*

**Ágústi Jóni Óskarssyni**

*(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.)*

**Bjarna Sigurgrímssyni og**

*(Björgvin Jónsson hrl.)*

**Hafþóri Loga Hlynssyni**

*(Arnar Sigfússon hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 16. mars 2012, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 18. október 2011 á hendur Andra Þór Eyjólfssyni, kt. [...], [...], Hafnarfirði, Ágústi Jóni Óskarssyni, kt. [...], [...], Reykjavík, Bjarna Sigurgrímssyni, kt. [...], [...], Reykjavík, og Hafþóri Loga Hlynssyni, kt. [...], [...], Reykjavík.

## I.

Gegn ákærðu öllum fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa, fimmtudaginn 11. febrúar 2010, lagt á ráðin um og staðið saman að innflutningi á samtals 877,81 g af kókaíni, sem unnt er að framleiða um 3706 g af kókaíni úr, frá Danmörku til Keflavíkurflugvallar, til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi, svo sem nánar er rakið í 1.-4. tölulið:

1. Ákærði Hafþór Logi, ásamt meðákærðu Ágústi Jóni og Andra Þór, lagði á ráðin nokkru áður um innflutning fíkniefnanna, þar með talið fjármögnun, skipulagningu og ferðatilhögun.
2. Ákærði Ágúst Jón fékk svo meðákærða Bjarna til verksins, veitti honum leiðbeiningar um ferðatilhögun og afhenti honum farsíma, bókunarnúmer flugs og 200.000 kr. í reiðufé fyrir ferðakostnaði og uppihaldi.
3. Ákærði Andri Þór fór til Kaupmannahafnar og afhenti þar meðákærða Bjarna fíkniefnin í því skyndi að þau yrðu flutt til Íslands.
4. Ákærði Bjarni fór til Kaupmannahafnar í því skyni að taka á móti og flytja fíkniefnin til Íslands. Hann tók við fíkniefnunum frá meðákærða Andra Þór í Kaupmannahöfn og flutti þau til landsins sem farþegi með flugi AEU-902 frá Kaupmannahöfn, falin í farangri sínum þar sem tollverðir fundu þau við komu hans til Keflavíkurflugvallar fimmtudaginn 11. febrúar 2010.

Þetta er talið varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2011.

## II.

Gegn ákærða Andra Þór fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa, þriðjudaginn 16. febrúar 2010 að Vatnsstíg 21, Reykjavík, haft í vörslum sínum 3,43 g af kannabisefni sem hann framvísaði til lögreglumanna við handtöku.

Þetta er talið varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 13/1981 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er gerð krafa um að ofangreind fíkniefni verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

Hinn 12. janúar 2012 var mál nr. S-1359/2011, sem var höfðað á hendur ákærða Ágústi Jóni með ákæru útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 29. nóvember 2011, sameinað þessu máli, sbr. heimild í 1. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar eru ákærða gefin að sök eftirfarandi umferðarlagabrot:

## I.

Að kvöldi sunnudagsins 2. maí 2010 í Reykjavík ekið bifreiðinni [...] með 91 km hraða á klst. vestur Sæbraut, á vegarkafla að Olís við Sundagarða, þar sem leyfður hámarkshraði var 60 km á klst.

## II.

Laugardaginn 22. janúar 2011 ekið bifreiðinni [...] óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 660 ng/ml og kókaín 225 ng/ml) um Breiðholtsbraut í Reykjavík og síðan Vatnsendaveg uns aksturinn var stöðvaður við Álfkonuhvarf í Kópavogi, og ekki haft ökuskírteini meðferðis við aksturinn.

Brot í I. ákærulið er talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 37. gr. en brot í II. ákærulið við 1. mgr. og 2. mgr. 45. gr. a, hvort tveggja sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Ákærði Andri Þór krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins hvað varðar I. kafla ákæru 18. október 2011, en vægustu refsingar er lög leyfa vegna II. kafla téðrar ákæru. Þá gerir verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

Ákærði Ágúst Jón krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins hvað varðar ákæru 18. október 2011, en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa vegna ákæru 29. nóvember 2011. Verjandi krefst hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Ákærði Bjarni gerir kröfu um vægustu refsingu er lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin að öllu leyti eða hluta. Þá gerir verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

Ákærði Hafþór Logi krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins og verjandi gerir kröfu um hæfilega þóknun sér til handa.

## **I. kafli ákæru 18. október 2011. Stórfellt fíkniefnalagabrot.**

### I.

Hinn 12. febrúar 2010 var ákærði Bjarni stöðvaður við tollgæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir komu með flugi frá Kaupmannahöfn. Við skoðun á tveimur ferðatöskum, sem hann hafði meðferðis, kom í ljós að átt hafði verið við hliðarnar á þeim og sýni, sem tekið var úr töskunni, var greint í fíkni- og sprengiefnagreiningartæki sem kókaín. Samkvæmt skýrslu lögreglu sagði ákærði í viðræðum við lögreglumann að hann hefði ekki vitað hvað hefði verið í ferðatöskunum fyrir utan farangur hans. Þá hefði hann skýrt frá því að hann hefði keypt töskurnar á götumarkaði í Danmörku þar sem taskan, sem hann hefði farið með út, hefði brotnað. Ákærði var handtekinn.

Við skoðun á annarri töskunni, svartri að lit, kom í ljós harðplastrenningur með holum rásum sem reyndust innihalda kókaín, 306,32 g. Með beiðni lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. febrúar 2010, var sýni sem vó 0,96 g sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði til rannsóknar. Í hinni töskunni, sem var blá, var einnig harðplastrenningur með holum rásum, sem innihéldu 571,49 g af kókaíni. Af því var tekið sýni, 0,94 g, og það sent til rannsóknar.

Í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 1. mars 2010, kemur fram að styrkur kókaíns í öðru sýninu hafi verið 76%, en það samsvari 85% af kókaínklóríði. Í hinu sýninu hafi styrkur kókaíns verið 77%, sem samsvari 86% af kókaínklóríði.

Fram kemur í gögnum málsins að hinn 29. apríl 2010 sendi lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu tvö önnur sýni til rannsóknar hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, en niðurstaða úr þeirri rannsókn liggur ekki fyrir í gögnum málsins.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum óskaði eftir því við Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði að reiknað yrði út hversu mikið af kókaíni í neyslustyrkleika megi vinna úr efninu sem var haldlagt, 877,81 g. Í matsgerð, dags. 28. janúar 2011, segir að neyslustyrkur kókaíns hér á landi hafi ekki verið

rannsaður sérstaklega, en í Danmörku hefði hann verið að meðaltali 18% árið 2009. Miðað við að hið haldlagða efni væri þynnt með óvirku dufti, eins og t.d. laktósa, og ekkert færi til spillis í aðgerðinni mætti búa til 3.706 g af efni sem væri 18% að styrk ( $877,81 \times 76 / 18 = 3.706$ ).

## II.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 12. febrúar 2010 sagði ákærði Bjarni að hann hefði ekki skýrt rétt frá atvikum þegar hann var handtekinn. Hann sagði að hann hefði verið þvingaður til að flytja inn umrædd fíkniefni og menn hefðu hótað honum lífláti. A.m.k. einn þeirra hefði verið vopnaður. Á leiðinni á flugvöllinn hefði hann viljað henda töskunum en ekki þorað það vegna þess að „þeir“ hefðu verið allt í kringum hann. Ákærði sagði að á lestarstöðinni í Kaupmannahöfn hefðu tveir menn komið til sín og sagt að hann ætti að taka tvær töskur til Íslands. Hann hefði ekki þorað annað en að mæta aftur á lestarstöðina, en þá hafi enginn verið þar. Síðan hefði verið hringt í hann og hann beðinn um að mæta aftur á lestarstöðina og þá hefði hann fengið miða með bókunarnúmeri og töskurnar. Þá hefði verið sagt við hann að það yrði haft samband við hann síðar. Hann hefði svo farið út á flugvöll. Nánar um ferð sína sagði ákærði að hann hefði farið til Danmerkur 4. febrúar til að heimsækja son sinn í Ringsted. Ákærði hefði farið degi síðar með lest til Kaupmannahafnar og þar hitt manninn sem hefði látið hann fá töskurnar. Með manninum hefðu verið tveir eða þrír Danir. Þegar ákærði var beðinn um að lýsa Íslendingnum sagði hann: „Hann var hár og svona ljós.“ Jafnframt sagði ákærði að um tveimur mánuðum áður, um jólahátíðina, hefði þessi Íslendingur hringt í sig og spurt hvort hann væri til í að fara „svona ferð“ en hann hefði neitað því. Inntur eftir því hvort hann hafi átt að fá greitt fyrir að flytja töskurnar sagði ákærði að hann hefði átt að fá eitthvað greitt þegar hann kæmi heim, en honum hefði verið alveg sama um peninginn út af hótunum sem hann hefði þurft að sæta. Þegar ákærði var spurður hvaða efni hafi átt að vera í töskunum sagði ákærði: „Ég hef ekki hugmynd um það ... annað að það var bara talað um kokaín. Það var bara sagt við mig þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur af töskunum.“ Þá sagði ákærði að honum hefði verið sagt að hann færi ekkert heim, allavega ekki labbandi, ef hann myndi ekki gera þetta. Nánar tiltekið hefði honum verið sagt að hann yrði drepinn ef hann gerði eitthvað gegn mönnunum. Ákærði kvaðst ekki hafa hugmynd um af hverju þessir menn hefðu sett sig í samband við hann.

Ákærði Bjarni var aftur yfirheyrður hjá lögreglu 16. febrúar. Honum var sýnd mynd af meðákærða Andra Þór og sagði hann að meðákærði Andri Þór líktist einum þeirra sem hefðu afhent honum töskurnar á lestarstöðinni í Kaupmannahöfn. Þá var ákærði spurður út í lestormiða sem fundust í fórum hans vegna ferðar 8. febrúar frá Ringsted til Kaupmannahafnar og aftur til baka. Ákærði sagði að hann hefði farið til Kaupmannahafnar 8. febrúar til að hitta vini. Hann hefði svo farið aftur til Kaupmannahafnar að morgni 10. febrúar og tekið við töskunum um eftirmiðdaginn.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 19. febrúar 2010 var ákærði Bjarni m.a. spurður hver hefði greitt fyrir farmiða hans til Danmerkur og kvaðst hann hafa gert það sjálfur fyrir eigið fé, en hann hefði ekki keypt farmiða til baka vegna þess að hann hefði viljað halda því opnu hvenær hann færi aftur heim. Einnig skýrði ákærði frá því að maður hefði afhent honum síma 3. febrúar, áður en hann fór til Danmerkur, fyrir utan heimili systur ákærða að Mímisvegi. Þá hefði maðurinn haft í hótunum

við hann. Á þeim tíma hafi ákærði verið búinn að kaupa farmiðann til Kaupmannahafnar og hann kvaðst ekki vita hvernig maðurinn hefði haft vitneskju um það. Jafnframt sagði ákærði að sá sem hefði afhent honum símann hefði verið sá sem hefði talað við hann um hátíðarnar. Sami maður hefði talað við ákærða í Danmörku og sagt honum bókunarnúmer á farmiðanum heim. Ákærði hefði verið bedinn um að hitta mennina í Kaupmannahöfn 5. febrúar, en þá hefði hann farið á mis við þá. Hann hefði svo hitt þá 8. febrúar og þá verið ákveðið að hann ætti að hitta þá 10. febrúar og taka við töskunum. Hann ætti svo að fara heim daginn eftir, 11. febrúar. Þá sagði ákærði að maðurinn, sem hefði hringt í hann og afhent honum símann fyrir ferðina, hefði ekki verið einn af mönnunum þremur sem hann hefði hitt 8. febrúar.

Undir rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða Bjarna fyrir dómi, hinn 26. febrúar 2010, með vísan til b-liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði sagði þá að það hefði fyrst verið haft samband við hann viku fyrir ferð hans til Danmerkur. Það hefði verið maður sem hann þekki ekki sem hefði hringt í hann. Inntur eftir ástæðu þess að haft hefði verið samband við ákærða kvaðst hann telja að viðkomandi hefði haft vitneskju um að hann færi oft til Danmerkur að heimsækja son sinn. Einnig færi hann oft til Færeyja. Maðurinn hefði sagt að hann ætlaði að koma til ákærða og hann gert það. Maðurinn hefði útskýrt hvernig þetta færi fram og sagt að hann fengi síma til að fara með út og það yrði hringt í hann. Jafnframt sagði ákærði að þegar hann hefði fengið töskurnar afhentar hafi honum verið sagt að henda símanum, en hann hefði haldið símkorti sínu. Ákærði kvaðst hafa keypt sjálfur farmiðann til Danmerkur en hann hefði ekki keypt miða til baka. Þegar ákærði hefði verið í Danmörku hefði maður hringt í hann og látið hann hafa bókunarnúmer. Þetta hefði verið sami maðurinn og hefði komið á Mímisveginn og hringt fyrst í hann. Í því símtali hefði maðurinn hótad honum, en hann hefði sagt að ákærði yrði ekki meðal manna ef hann myndi ekki flytja töskurnar. Þá sagði ákærði að þessi maður væri ekki sá sami og hefði afhent honum töskurnar á lestarstöðinni í Kaupmannahöfn. Ákærði kvaðst eiga erfitt með að lýsa mönnunum en sagði að sá sem hefði látið hann fá símann hefði verið minni en sá sem hefði látið hann fá töskurnar. Sá síðarnefndi hefði verið stór og mikill, þrekvaxinn. Ákærði sagði að þegar hann hefði hitt þann sem hefði afhent töskurnar í Kaupmannahöfn hefði ákærði sagt að hann ætti fullt af vinum í Kaupmannahöfn og þá hefði maðurinn sagt að hann ætti vini þar en hann hefði verið mest hjá vinum sínum í Þýskalandi og bestu vinur hans væri þar. Þetta hefði verið það eina sem maðurinn hefði sagt. Þá sagði ákærði að maðurinn hefði verið um þrítugt, en kannski eitthvað yngri. Jafnframt greindi ákærði frá því að hann hefði farið 8. febrúar frá Ringsted til Kaupmannahafnar til að hitta manninn, en maðurinn hefði ekki látið sjá sig. Maðurinn hefði svo hringt í ákærða daginn eftir og sagt honum að vera á lestarstöðinni 10. febrúar. Ákærði hefði svo farið á lestarstöðina 10. febrúar, eftir klukkan 16. Hann hefði verið búinn að fá fyrirsmáli um að hitta mann með bláa tösku og þegar hann hefði séð mann með slíka tösku hafi hann strax vitað að þetta væri maðurinn. Ákærði hefði svo farið aftur til sonar síns í Ringsted og farið daginn eftir út á flugvöll, 11. febrúar. Einnig skýrði ákærði frá því að hann hefði átt að fá 750.000 krónur fyrir að flytja töskurnar og honum hefði verið sagt að það yrði haft samband við hann síðar í síma sinn. Jafnframt sagði ákærði að hann hefði ekki fengið neina fyrirframgreiðslu. Þegar ákærði var spurður hvort hann hefði vitað að fikniefni væru í töskunum sagði ákærði að hann hefði ekki vitað hvað hefði verið í þeim, en hann hefði haldið að þetta væru kannski e-töflur „eða einhver djöfullinn svoleiðis“. Hann hefði því vitað að fikniefni væru í töskunni, en hann hefði ekki

vitað hvaða tegund. Þegar ákærði var spurður nánar um manninn sem hefði látið hann hafa síma á Íslandi greindi hann frá því að þeir hefðu hist tvisvar. Þá kvaðst ákærði aðspurður ekki þekkja Elvar Pálsson eða meðákærðu Hafþór Loga og Ágúst Jón. Spurður hvort ákærði hefði tengsl við Akureyri sagði hann að sambýliskona hans, sem hefði fallið frá fyrir fjórum eða fimm árum, ætti mikið af frændfólki þar. Ákærða voru sýndar tvær myndir af meðákærða Andra Þór og sagði ákærði að hann hefði afhent töskurnar í Kaupmannahöfn. Nánar spurður um ferðir sínar 8. febrúar sagði ákærði að hann hefði farið snemma morguns frá Ringsted til Kaupmannahafnar og svo aftur til baka um klukkan sex. Jafnframt sagði ákærði að tímasetningar ættu að sjást á lestarmiðanum. Ákærði kvaðst halda að hann hefði fengið afhentar töskurnar daginn áður en hann fór heim, þ.e. 10 febrúar, en hann myndi ekki allt og sagði jafnframt að hann væri á sterkum lyfjum. Það gæti verið að hann hefði fengið töskurnar afhentar 9. febrúar. Einnig sagði ákærði að hann hefði farið oftast til Kaupmannahafnar til að rölta í búðir o.þ.h. Þá sagði ákærði að hann hefði alltaf sett lestarmiðana í veski sitt, en hann hendi engum miðum. Ákærða var kynnt að í veski hans hefðu aðeins fundist miðar vegna þriggja ferða, 4. febrúar, 8. febrúar og 11. febrúar, og kvaðst hann ekki geta útskýrt af hverju það væri enginn miði vegna ferðar 10. febrúar. Hann kvaðst ekki muna alveg tímasetningar og annað. Um hagi sína sagði ákærði að hann væri 65% öryrki. Þá sagði ákærði aðspurður að hann stundaði fjárhættuspil, en hann væri ekki skuldum vafinn vegna þess.

Elvar Pálsson var yfirheyrður hjá lögreglu 23. febrúar 2010 vegna máls þessa með réttarstöðu sakbornings, en nafn hans og sími var á farmiðabókun ákærða Bjarna frá Kaupmannahöfn til Íslands. Aðspurður kvaðst hann hafa keypt farmiða nýlega hjá Iceland-Express frá Kaupmannahöfn til Íslands. Strákur, sem hann myndi ekki hvað heiti, hefði beðið Hafþór vin hans um að gera það, en hann hefði verið upptekinn í símanum og hann því beðið sig um að gera það. Hann hefði því gert það. Í bílnum fyrir framan Iceland-Express í Grímsbæ hefðu verið Hafþór og Gunní. Maðurinn, sem hann myndi ekki nafnið á, hefði hitt þá fyrir utan Grímsbæ og látið hann hafa miða, með nafni þess sem átti að fá farmiðann, og pening. Hann hefði svo sett farmiðann í aftursæti bifreiðarinnar, en hann vissi ekki hvað hefði orðið um hann. Þá kvaðst hann ekki trúa því að Haffi og þessi strákur hafi verið að „setja sig upp“ og að þeir hefðu vitað að maðurinn hafi átt að koma með fíkniefni til landsins.

Þegar Elvar Pálsson var yfirheyrður aftur hjá lögreglu 25. febrúar 2010 skýrði hann frá því að hann hefði farið í verslunarferð í IKEA ásamt ákærða Hafþóri Loga og Gunnari [...]. Ákærði Hafþór Logi hefði þá beðið hann um að kaupa fyrir sig farmiða og afhent honum pening og upplýsingar á miða um þann sem hafi átt að fá miðann. Hann hefði ekki séð neitt athugavert við þessa beiðni og þeir hefðu farið beint að verslunarmiðstöðinni Grímsbæ, á söluskrifstofu Iceland-Express. Hann hefði farið inn og keypt miðann og á meðan hefðu ákærði Hafþór Logi og Gunnar beðið úti í bíl. Hann hefði svo farið aftur í bílinn og hent farmiðanum eða kvittuninni aftur í. Þetta hefði svo ekkert verið rætt fyrr en 13. febrúar þegar ákærði Hafþór Logi hefði sagt honum að farmiðinn hefði hugsanlega verið fyrir burðardýr. Honum hefði brugðið við þetta og verið í stöðugu sambandi við ákærða Hafþór Loga vegna þess að hann hefði verið hræddur um að lenda í vandræðum vegna kaupa sinna á farmiðanum. Hann greindi jafnframt frá því að ákærði Hafþór Logi hefði kallað burðardýrið frænda sinn og í tölvusamskiptum hefði hann kallað burðardýrið frænda Ella. Aðspurður hvort ákærði Hafþór Logi

tengdist fíkniefnum sagði hann að ákærði hefði alltaf getað reddað því besta. Þá var hann spurður um samtalið við ákærða Hafþór Loga, sem lögregla hlustaði, þar sem ákærði biður hann um að senda sér sykur norður. Hann sagði að þeir hefðu verið að ræða um mjólkursykur til að drýgja fíkniefni. Að lokum kvaðst hann hafa verið að vernda vin sinn í skýrslutökunni 23. febrúar, en framburður hans nú væri réttur.

Við rannsókn lögreglu á síma ákærða Bjarna, með dönsku símakorti, kom í ljós að hringt hafði verið í hann úr peningasíma á Smáratorgi hinn 10. febrúar 2010. Við athugun á myndaeftirlitsvélum við verslun á Smáratorgi báru lögreglumenn kennsl á mann að tala í símann, ákærða Ágúst Jón, en þeir höfðu áður haft afskipti af honum vegna ýmissa mála. Þá kemur fram í lögregluskýrslu að lögregla hafi fylgst með ferðum ákærða Ágústs Jóns og hinn 26. febrúar 2010 hefði hann orðið lögreglu þegar hann hafi verið að aka með ákærða Andra Þór og reynt að komast undan lögreglu, en fór þeirra hefði verið stöðvuð stuttu síðar og þeir verið handteknir.

Ákærði Ágúst Jón var yfirheyrður hjá lögreglu 26. febrúar 2010 og spurður um tengsl sín við meðákærðu. Hann kvaðst vera vinur meðákærða Andra Þórs og hann þekki meðákærða Hafþór Loga í gegnum meðákærða Andra Þór. Þá neitaði ákærði því að hafa hringt í meðákærða Bjarna úr síma á Smáratorgi hinn 10. febrúar.

Ákærði Ágúst Jón breytti svo framburði sínum við yfirheyrslu 9. mars 2010 og sagði að þáttur hans í málinu hefði verið sá að ræða við meðákærða Bjarna, en þeir hefðu rætt saman tvisvar, í eitt skipti í síma og einu sinni hefðu þeir hist í Hamraborg. Ákærði hefði látið meðákærða Bjarna fá 200.000 krónur og farsíma og sagt honum að kaupa farmiða. Næst hefði ákærði hringt í meðákærða á Smáratorgi og látið hann fá bókunarnúmer svo hann kæmist heim. Einnig hefði ákærði sagt meðákærða að hann ætti að henda símanum. Spurður hvort einhver hefði fengið ákærða til að gera þetta kvaðst hann ekki vilja tjá sig um það og sagði að hann væri ekki upphafsmaður þessa innflutnings og hann hefði ekki fjármagnað hann. Ákærði kvaðst hafa átt að fá eina til tvær milljónir króna fyrir aðild sína að málinu. Fram kom að ákærði væri góður vinur meðákærða Andra Þórs og hann hefði kynnst meðákærða Hafþóri Loga í gegnum hann. Ákærði kvaðst ekki vita hvort þeir tengdust málinu. Einnig sagði ákærði að meðákærði Bjarni hefði sóst eftir þessu og hann hefði sagt við sig að hann vantaði pening vegna þess að hann væri að missa hús í Borgarfirðinum. Meðákærði Bjarni hefði verið glaður þegar ákærði hringdi. Þá kvaðst ákærði hafa sagt meðákærða Bjarna að hann ætti að fá eina milljón fyrir þetta.

Hinn 5. mars 2010 var svo tekin skýrsla af ákærða Ágústi Jóni fyrir dómi, með vísan til b-liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hann skýrði frá á sama hátt og áður að hann hefði verið beðinn um að hafa samband við meðákærða Bjarna og látið hann hafa síma og 200.000 krónur fyrir flugmiða og upphaldi. Ákærði hefði afhent þetta þegar þeir hefðu hist í bílageymslunni í Hamraborg. Síðan hefði ákærði haft samband við meðákærða Bjarna þegar hann var staddur í Kaupmannahöfn til að láta hann fá flugupplýsingar og segja honum að henda símanum og það yrði haft samband við hann. Ákærði vildi ekki segja hver hefði beðið hann um að gera þetta af ótta við hefndaraðgerðir. Einnig sagði ákærði að meðákærði Bjarni hefði sóst eftir þessu vegna þess að hann hafi verið við það að missa hús sem hann ætti í Borgarfirði. Ákærði var spurður hvort hann hefði vitað

að meðákærði Bjarni átti að flytja inn fíkniefni og sagði ákærði að hann hefði ekki vitað það, en hann hafi allavega vitað að meðákærði Bjarni hafi átt „að gera eitthvað“. Þá sagði ákærði að hann hefði átt von á því að hann ætti að hafa samband við meðákærða Bjarna þegar hann kæmi heim. Einnig sagði ákærði, líkt og fyrr, að hann hefði átt að fá eina til tvær milljónir króna fyrir þátt sinn í málinu. Aðspurður hvort meðákærði Hafþór Logi væri sá aðili sem hann vildi ekki segja frá kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um það.

Ákærði Andri Þór var yfirheyrður hjá lögreglu 27. febrúar 2010. Spurður hvort hann hefði ferðast erlendis nýlega kvaðst hann hafa verið með annan fótinn í Danmörku en hann ætlaði að flytja þangað. Síðast hefði hann farið til Kaupmannahafnar 24. janúar 2010 og farið þaðan til Óðinsvéa þar sem hann hefði dvalið þar til hann fór aftur til Íslands, 9. febrúar. Ákærði neitaði því að eiga aðild að innflutningi umræddra fíkniefna og sagði að hann hefði keypt farmiða sinn sjálfur. Ákærða var þá kynnt að á bókun farmiða hans frá Kaupmannahöfn til Íslands 9. febrúar 2010 væri meðákærði Hafþór Logi tilgreindur sem greiðandi miðans og sagði ákærði þá að hann hefði þurft að láta breyta miðanum og meðákærði borgað breytingagjald. Einnig var ákærða kynnt að þegar hann hefði komið til landsins 9. febrúar hefðu tollverðir tekið hann til skoðunar og fatnaður hans gefið sterka svörun um kókaín. Ákærði neitaði sem fyrr sök og sagði að hann hefði gefið skýringar á þessu í tollskýrslu. Jafnframt var ákærði spurður hvort hann hefði dvalið í Óðinsvéum allan tímann sem hann var erlendis og sagði hann þá að hann hefði farið til Hamborgar og dvalið þar í tvo daga og svo hefði hann skroppið til Svendborgar og verið þar í einn dag eða svo.

Við skýrslutöku 4. mars 2010 var ákærða Andra Þór kynnt að í húsleit lögreglu 14. janúar 2010 að Vatnsstíg 21, vegna annars máls, þar sem ákærði bjó hjá meðákærða Hafþóri Loga, hefðu fundist í poka í fataskáp plastbrot með litlum hólfum sem lögregla teldi vera úr ferðatösku sem væri búíð að eyðileggja og taka fíkniefni úr. Jafnframt var ákærða kynnt að meðákærði Hafþór Logi hefði skýrt frá því við skýrslutöku hjá lögreglu að ákærði hefði komið með töskuna heim eftir eitthvert djamm og að ákærði hefði nýtt fíkniefnaleifarar á plastbútunum. Ákærði var svo aftur spurður hver þáttur meðákærða Hafþórs Loga væri vegna innflutnings meðákærða Bjarna og sagði ákærði þá að hann vissi ekki allt of mikið um innflutninginn og hann vildi ekki segja of mikið að svo stöddu, en meðákærði Hafþór Logi hefði útvegað burðardýr og hann væri í samstarfi við einhverja aðra. Meðákærði Hafþór Logi væri að „brasa með svona töskur“ og hann hefði oft beðið ákærða um að taka á móti svona töskum. Jafnframt sagði ákærði að meðákærði Hafþór Logi hefði beðið sig um að fjarlægja töskuna úr húsinu þegar meðákærði hefði verið á Akureyri. Ákærði kvaðst hafa kroppað eitthvað í fíkniefnaleifar úr tösku. Ákærði neitaði því að ferð hans í janúar 2010 til Danmerkur hefði tengst umræddum innflutningi og hann neitaði því að hafa afhent meðákærða Bjarna töskur í Kaupmannahöfn. Einnig greindi ákærði frá því að hann hefði einu sinni hjálpað meðákærða Hafþóri Loga að pakka inn 600 g af spítti sem meðákærði hefði sent norður. Þá sagði ákærði að í samtölum sem lögregla hefði hlustað milli hans og meðákærða Hafþórs Loga hefðu orðin „frændi Ella“ verið notuð yfir amfetamín.

Tekin var skýrsla af ákærða Andra Þór fyrir dómi 5. mars 2010, með vísan til b-liðar 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði skýrði frá því að meðákærði Hafþór Logi hefði látið Elvar Pálsson fá peninga fyrir farmiða fyrir utan söluskrifstofu Iceland-Express. Elvar hefði farið inn og keypt miðann, en

ákærði hefði beðið á meðan í bílnum ásamt meðákærða Hafþóri Loga, Gunna, vini hans, og [...], vini ákærða. Ákærði var spurður hvort meðákærði Hafþór Logi hefði sagt Elvari fyrir hvern flugmiðinn væri og sagði ákærði þá að Elvar hefði sagt að hann myndi segja að hann væri að kaupa miða fyrir frænda sinn, en meðákærði Hafþór hefði verið búinn að láta Elvar fá einhvern miða eða eitthvað ásamt peningunum, en ákærði myndi það ekki alveg. Einnig sagði ákærði að Elvar hefði skuldað meðákærða Hafþóri Loga fullt af peningum og meðákærði Hafþór Logi hefði notað Elvar mikið í ýmis verk. Um kynni sín af meðákærða Hafþór Loga sagði ákærði að þeir hefðu byrjað í neyslu saman mjög ungir. Síðan hefðu þeir lent í fangelsi og ekki talað saman í um fimm ár, en svo hefðu þeir tekið upp samskipti aftur og ákærði búið hjá meðákærða Hafþóri Loga frá nóvember 2009 til febrúar 2010. Ákærði sagði jafnframt að hann væri samt eiginlega ekki búinn að vera hér á landi heldur erlendis, en hann hafi ætlað að flytja til Danmerkur og hann ætti vin þar, [...]. Ákærði var spurður hvort hann hefði orðið var við fikniefnainnflutning eða fikniefnaneyslu meðan hann bjó hjá meðákærða Hafþóri Loga og sagði hann „mikið“. Jafnframt var ákærði spurður hvort hann vissi til þess að meðákærði Hafþór Logi væri í sölu og dreifingu fikniefna og sagði hann að það vissu það allir. Meðákærði væri á nýjum svörtum BMW og það hljóti að segja eitthvað. Ákærði var þá spurður hvort hann vissi til þess að meðákærði Hafþór Logi léti aðra hafa fikniefni og þeir seldu öðrum sagði ákærði að meðákærði sæi um Akureyri, það væri bara þannig. Ákærði kvaðst ekkert þekkja til meðákærða Bjarna og neitaði því að hafa hitt hann. Aftur inntur eftir því hvort ákærði hefði eitthvað komið að umræddum fikniefnum eða afhendingu þeirra svaraði hann: „Eins og ég segi, ég vill eiginlega bara ekkert ræða þetta neitt mikið að svo stöddu.“ Ákærði var spurður hvort hann væri hræddur og svaraði hann „auðvitað“ og sagði að hann væri „náttúrulega drullusmeikur“ og hræddur við hefndaraðgerðir af hálfu meðákærða Hafþórs Loga.

Ákærði Hafþór Logi var handtekinn á Akureyri hinn 3. mars 2010. Við yfirheyrslu hjá lögreglu kvaðst hann hafa frétt að Elvar Pálsson hefði verið handtekinn vegna kaupa á flugmiða fyrir gamlan karl sem hefði komið með kókaín, en ákærði kvaðst annars ekkert vita um málið. Aðspurður sagði ákærði að Elvar skuldaði honum peninga en hann vildi ekki segja vegna hvers. Þá kvaðst hann ekki hafa hugmynd um það hverjir hefðu verið með Elvari við kaupin á farseðlinum og hann neitaði því að hafa farið að söluskrifstofu Iceland-Express í Grímsbæ. Ákærða voru kynntar myndir sem teknar voru við húsléit að Vatnsstíg 21 hinn 14. janúar 2010 af poka sem fannst þar með plastbrotum og hvítum efnisleifum og sagði ákærði að meðákærði Andri Þór hefði komið með þessa tösku heim af djamminu og verið að tæma einhverjar restar úr þessu. Ákærði sagði að hann og meðákærði Andri Þór væru æskuvinir. Einnig greindi ákærði frá því að meðákærði Andri Þór hefði farið til Danmerkur í janúar 2010 og ákærði hefði borgað fyrir hann til baka. Þetta hefðu verið 5.000 eða 10.000 krónur. Spurður hvað ákærði og meðákærði Andri Þór hefðu átt við með „frænda Ella“ í símtölum sem lögregla hlustaði sagði ákærði að þetta væri tákni, en hann vildi ekki útskýra það nánar. Þegar nánar var gengið á ákærða með þetta sagði hann að um væri að ræða mann sem ákærði skuldaði. Ákærði sagði svo síðar í skýrslutökunni að hann hefði ekki skýrt rétt frá varðandi flugmiðann vegna þess að hann hefði verið hræddur um að lenda í veseni. Ákærði kvaðst hafa farið í Grímsbæ ásamt fleirum og vitað að Elvar ætlaði að kaupa flugmiða fyrir gamlan karl, en hann hefði ekki vitað í hvaða tilgangi. Tveimur dögum eftir að gamli maðurinn hafi átt að koma heim hafi „Elli“ talað um það að þessi karl hefði ekki skilað sér og hann gæti lent í veseni út af því. Ákærði

hefði svo farið norður en talað við Ella á msn einhvern tímann seinna og Elli þá sagt að hann væri ekki búinn að skila sér og ákærði þá frétt hvað væri í gangi, þ.e. að Elli hefði keypt flugmiða fyrir einhver karl sem væri að koma með mikið magn af fikniefnum frá Danmörku. Þeir hefðu eitthvað farið að ræða þetta en ákærði hefði samt ekki mikið spáð í þetta þá og haldið að gæinn hefði bara rænt þessu eða eitthvað. Ákærða var kynnt að hann væri grunaður um að hafa áður átt aðild að innflutningi fikniefna í sérútbúnum ferðatöskum, út af plastbrotum sem hefðu fundist á heimili hans 14. janúar 2010. Ákærði var spurður hvort hann hefði einhvern tímann tekið þátt í innflutningi fikniefna og neitaði hann því. Þá neitaði hann því að gefa upp netfang sem hann notaði í msn-samskiptum og einnig neitaði hann að tjá sig um það hvort hann ætti netfangið [...]. Ákærða var jafnframt kynnt að lögregla hefði haldlagt tölvu vinar hans, [...], og í samskiptum þeirra 6. september 2009 komi fram að ákærði bjóði [...] frítt „M“ og [...] spyrji hvort þær komi „í svona tösku“ en ákærði sagði að það komi í umslagi. Ákærði kvaðst ekki vita hvað [...] hefði átt við með „svona tösku“.

Ákærði Hafþór Logi var aftur yfirheyrður hjá lögreglu 10. mars 2010 þar sem borin voru undir hann ýmis símtöl sem lögregla hefði hlustað hjá ákærða allt frá nóvember 2009 á grundvelli dómsúrskurða. Ákærði kvaðst ekki muna eftir sumum símtölunum en viðurkenndi að í nokkrum þeirra hefði verið rætt um fikniefni. Efni símtalanna verður rakið síðar eftir því sem ástæða er til.

#### IV.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði *Ágúst Jón Óskarsson* greindi frá því að aðili hefði komið að máli við sig og beðið sig um að afhenda meðákærða Bjarna peninga. Ákærði hefði hringt í meðákærða Bjarna og þeir hefðu mælt sér mót. Þegar þeir hefðu hist hefði ákærði látið meðákærða Bjarna fá síma, en ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hefði látið hann einnig fá símakort eða hvort það hefði verið kort í símanum. Jafnframt sagði ákærði að hann hefði hringt síðar í meðákærða Bjarna til Danmerkur til að láta hann fá bókunarnúmer vegna flugs heim og þá sagt honum að henda símanum. Nánar um samskipti sín við meðákærða Bjarna sagði ákærði að það hefði verið búið að ræða við meðákærða þegar ákærði hefði haft samband við hann, en ákærði hefði spurt meðákærða Bjarna hvort hann væri til í þetta. Þá hefði hann sagt meðákærða Bjarna að hann ætti að útvega sér eitthvert hótél og að það yrði haft samband við hann í símann. Ákærði neitaði því að hafa haft í hótunum við meðákærða Bjarna eða að hafa þvingað hann og kvaðst ekki vita til þess að einhver annar hefði gert það. Jafnframt sagði ákærði að meðákærði Bjarni hefði verið glaður að sjá ákærða. Þá sagði ákærði að þeir hefðu hist í bilageymslu í Hamraborg og það hefði verið eina skiptið sem þeir hefðu hist. Aðspurður hvort ákærði hafi átt að hitta meðákærða Bjarna þegar hann kæmi heim sagði hann að það hefði ekkert verið ákveðið með það, en ákærði hefði alveg eins gert ráð fyrir því að hann ætti að gera það. Ákærði neitaði að tjá sig um það hver hefði beðið hann um að vera í samskiptum við meðákærða Bjarna vegna ótta við hefndaraðgerðir. Spurður hvort „frændi Ella“ hefði verið notað sem tákni kvaðst ákærði ekki kannast við það. Inntur eftir því hvort hann hefði vitað að meðákærði Bjarni átti að koma með fikniefni til landsins kvaðst ákærði ekki hafa vitað það, en hann hefði reiknað með því. Ákærði kvaðst hafa verið í mikilli fikniefnaneyslu á þessum tíma. Jafnframt sagði ákærði að ekki hefði verið rætt hvað hann ætti að fá greitt fyrir þessi samskipti við

meðákærða Bjarna, en hann hefði sagt við meðákærða að hann ætti að fá eina milljón króna. Sjálfur hafi hann búist við einni til tveimur milljónum króna. Einnig sagði ákærði að hann hefði látið meðákærða Bjarna fá 200.000 krónur þegar þeir hittust.

Um tengsl sín við meðákærðu sagði ákærði að hann og meðákærði Andri Þór væru góðir vinir. Ákærði og meðákærði Hafþór Logi væru kunningjar, en þeir hefðu kynnst í gegnum meðákærða Andra Þór. Ákærði kvaðst ekki þekkja meðákærða Bjarna. Þá kvaðst ákærði ekki þekkja Elvar Pálsson. Þegar ákærði var spurður hvort hann hefði verið í einhverjum samskiptum við meðákærða Hafþór Loga á umræddum tíma kvaðst hann ekki muna það. Ákærða var þá kynnt að meðákærði Hafþór Logi hefði sent honum tengil á frétt af handtöku meðákærða Bjarna og kvaðst ákærði ekki muna eftir því. Fram kom að ákærði hefði hringt í meðákærða Bjarna þegar hann átti að vera kominn til landsins, en það hefði verið slökkt á síma meðákærða.

Ákærði *Bjarni Sigurgrímsson* kvaðst ekki muna atvik vel. Hann sagði að maður hefði hringt í hann og látið hann fá síma. Einnig sagði ákærði að maðurinn hefði lofað honum greiðslu, eitthvað um 750.000 krónur, og maðurinn hefði látið hann fá 200.000 krónur þegar þeir hittust. Jafnframt sagði ákærði að honum hefði verið sagt að það væri betra fyrir hann að gera þetta. Aðspurður hver hefði sagt honum það kvaðst ákærði ekki muna það. Ákærði sagði að hann hefði samþykkt að gera þetta en þegar hann hafi verið í Danmörku hafi hann viljað hætta við, en þá hafi honum verið sagt að það væri betra fyrir hann að gera þetta. Þá greindi ákærði frá því að það hefði verið hringt í hann þegar hann var í Danmörku og sagt að það yrði haft samband við hann. Aðspurður hvenær hann hefði móttengið töskurnar í Kaupmannahöfn kvaðst hann ekki muna það. Þá sagði ákærði að hann hefði ekki vitað hvað hefði verið í töskunum. Ákærði sagði enn fremur að sá sem hefði afhent töskurnar hefði verið stór og mikill. Þá sagði ákærði að hann hefði oft farið milli Ringsted og Kaupmannahafnar í umræddri ferð. Ákærði var spurður hvort hann geymdi almennt kvittanir og kvaðst hann oft gera það. Ákærði sagði einnig að hann hefði sjálfur keypt flugmiðann til Kaupmannahafnar fyrir eigið fé, en hann hefði ekki keypt miða heim vegna þess að hann hefði ekki vitað hvað hann yrði lengi úti. Ákærði kvaðst ekki þekkja Elvar Pálsson, sem væri skráður kaupandi flugmiðans frá Kaupmannahöfn til Íslands. Þá sagði ákærði að hann þekkti ekki meðákærða Hafþór Loga og hann hefði aldrei séð hann fyrr en fyrir dómi. Ákærði bar kennsl á meðákærða Ágúst Jón í dómsalnum sem þann sem hefði látið hann fá síma fyrir ferðina til Danmerkur. Þá spurði sækjandi ákærða, eftir að meðákærði Andri Þór kom í dómsal, hver hefði afhent honum töskurnar í Kaupmannahöfn og benti ákærði þá á meðákærða Andra Þór.

Ákærði greindi frá því að heilsa hans væri ekki góð og hún hefði ekki verið góð síðan hann hefði lent í slysi á árinu 1970. Einnig sagði ákærði að hann væri hjartveikur og hefði fengið blóðtappa. Þá kom fram hjá ákærða að efnahagur hans væri mjög slæmur og hann skýrði m.a. frá því að hann hefði byggt hús í Borgarfirði, en hann hefði misst húsið.

Ákærði *Andri Þór Eyjólfsson* skýrði frá því að hann hefði í byrjun árs 2010 búíð að Vatnsstíg 21 í Reykjavík hjá meðákærða Hafþóri Loga, en þeir væru búnir að vera félagar lengi. Jafnframt sagði ákærði að meðákærði Ágúst Jón væri einn af betri vinum sínum. Ákærði kvaðst ekki þekkja meðákærða Bjarna og hann hefði

aldrei hitt hann. Ákærða voru kynntar myndir af plastbrotum sem fundust við húsleit að Vatnsstíg 21 hinn 14. janúar 2010, sem samsvöruðu plastbrotum sem fundust í tösku meðákærða Bjarna. Ákærði sagði að hann kannaðist ekki við þau. Var þá borinn undir ákærða framburður hans við skýrslutöku 4. mars 2010 um að meðákærði Hafþór Logi hefði beðið ákærða um að fjarlægja brotin úr húsinu þegar hann hefði verið á Akureyri og að ákærði hefði skýrt frá því að hann hefði verið að kroppa í leifar sem voru í brotunum. Ákærði kvaðst hafa verið í miklu rugli á þessum tíma og hann myndi lítið. Ákærða var næst kynnt að meðákærði Hafþór hefði sagt hjá lögreglu að ákærði hefði komið af djamminu með þessa tösku sem fannst við húsleitina og sagði ákærði að það væri ekki rétt að hann hefði gert það. Ákærði kvaðst þekkja Elvar Pálsson í gegnum meðákærða Hafþór Loga.

Spurður hvort hann hefði farið að söluskrifstofu Iceland-Express með Elvari o.fl. til að kaupa flugmiða sagði ákærði að lögreglan hefði viljað fá að heyra þetta. Ákærði sagði að hann hefði verið í gæsluvarðhaldi og hann hefði verið full og reiður út í vini sína fyrir að ljúga upp á sig, eins og þetta með plastbrotin, og ákærði hefði því bullað í skýrslutökunni sem fór fram fyrir dómi 5. mars 2010 og sagt það sem lögreglan hefði viljað fá að heyra, eins og það að ákærði hefði verið vitni að því að meðákærði Hafþór Logi hefði afhent Elvari pening fyrir utan söluskrifstofu Iceland-Express. Ákærði sagði að lögreglan hefði farið yfir þetta á leiðinni frá Litla-Hrauni að Héraðsdómi Reykjaness og viljað fá fram einhverja tengingu milli meðákærða Bjarna og meðákærða Hafþórs Loga. Einnig sagði ákærði að lögreglan hefði sagt að ef hann vildi losna úr gæsluvarðhaldi þá yrði hann að koma fram með einhverja tengingu milli meðákærða Bjarna og meðákærða Hafþórs Loga. Ákærði neitaði því að hann hefði verið í bifreið fyrir utan Iceland-Express ásamt Elvari o.fl. og sagði að lögreglan hefði sagt ákærða að hann hefði verið í henni og ákærði hefði verið brjáláður út í Hafþór Loga. Ákærða var þá kynnt að vitni hefðu borið um að ákærði hefði verið með í för þegar flugmiðinn var keyptur, en hann kvaðst ekki minnast þess. Ákærða var einnig kynnt að í skýrslutökunni 5. mars 2010 hefði ákærði skýrt frá því að Elvar hefði sagt að hann myndi segja að flugmiðinn væri fyrir frænda sinn, en ákærði kvaðst ekki muna eftir þessu. Aðspurður kvaðst ákærði ekki kannast við „frænda Ella“ en „frændi“ væri oft notað yfir amfetamín. Ákærði sagði að hann kannaðist ekki við að þetta væri tilvísun til meðákærða Bjarna.

Ákærða var kynnt símtal 17. febrúar 2010 sem lögregla hlustaði hjá meðákærða Hafþóri Loga, þar sem einhver hringir í meðákærða Hafþór Loga og lýsir húsleit sem hefði farið fram og meðákærði Hafþór Logi hefði orðið alveg brjáláður. Meðákærði Hafþór Logi hefði spurt viðmælandann hvort hann væri búinn að heyra í frænda hans Ella, en viðmælandinn svarað því neitandi. Meðákærði Hafþór Logi hefði verið hissa og eftir langa þögn hefði hann sagt „sjitturinn“. Þeir hefðu svo rætt hvort hann væri dauður uppi á jökli og spurt hvort einhverjir týndir menn væru auglýstir. Ákærði hefði svo sagt að hann hlyti að vera heima hjá sér að „tjilla“, en viðmælandinn hefði neitað því. Viðmælandinn hefði svo sagt að þeir þyrftu að leita að þessu og meðákærði Hafþór Logi sagt já, en að allt benti til þess að hann væri týndur uppi á jökli. Einnig hefði meðákærði Hafþór Logi sagt að hann þyrði ekki að fara í sleðaferð ef eitthvað týndist bara þarna. Ákærði sagði að hann kannaðist ekki við þetta símtal. Ákærða var jafnframt kynnt að Elvar hefði skýrt frá því hjá lögreglu að hann hefði hringt í ákærða eftir að hann frétti að eldri maður hefði verið handtekinn með fíkniefni og kvaðst ákærði ekki muna eftir því.

Ákærði var spurður hvort hann hefði farið til Þýskalands í ferðinni 24. janúar til 9. febrúar 2010 og svaraði hann því játandi, hann hefði farið til Hamborgar. Þá sagði ákærði aðspurður að hann hefði greitt fyrir ferðina með eigin peningum. Ákærða var kynnt að í bókuninni komi fram nafnið Hafþór og sagði ákærði þá að hann hefði beðið meðákærða Hafþór um að borga breytingu á miða sínum. Ákærði kvaðst hafa lent á Íslandi um eftirmiðdaginn 9. febrúar, einhvern tímann á milli kl. 16 og 18. Fram kom hjá ákærða að hann hafi verið búsettur í Danmörku og starfað þar.

Þá sagði ákærði að það væri ekki rétt sem hann hefði sagt við skýrslutökuna 5. mars 2010 um að hann væri hræddur við hefndaraðgerðir. Einnig sagði ákærði að það væri ekki rétt sem hann hefði sagt um að meðákærði Hafþór Logi væri í sölu og dreifingu fíkniefna, en hann hefði sagt þetta vegna þess að hann væri sár og reiður út í hann.

Ákærði *Hafþór Logi Hlynsson* greindi frá því að hann hefði búið á Vatnsstíg 21 ásamt meðákærða Andra Þór þegar mál þetta kom upp. Þeir hefðu greitt saman leigu. Um hagi sína á þessum tíma sagði ákærði að hann hefði verið atvinnulaus. Ákærði var spurður um fé sem hann var með við handtöku, 240.500 krónur, og kvaðst hann hafa fengið það að láni til að borga leigu. Ákærði neitaði því að hann hefði verið í sölu og dreifingu fíkniefna. Um poka með plastbrotum með fíkniefnaleifum, sem fundust við húsleit að Vatnsstíg 21 hinn 14. janúar 2010, sagði ákærði að meðákærði Andri eða einhver með honum hefði komið með hann heim. Ákærði neitaði því að hann hefði beðið meðákærða Andra um að fjarlægja pokann.

Ákærði neitaði því að hafa beðið Elvar, vin sinn, um að kaupa flugmiða og að hafa látið hann hafa peninga. Ákærði kvaðst muna eftir að hafa verið á bifreið ásamt [...], Elvari og Gunnari og farið að söluskrifstofu Iceland-Express. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að meðákærði Andri Þór hefði verið í bifreiðinni heldur hefði hann hitt þá þar. Ákærði hefði verið í símanum og Elvar hefði farið inn og komið aftur í bifreiðina. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað fyrr en eftir á að Elvar hefði keypt flugmiða. Ákærði sagði jafnframt að hann hefði síðar frétt að Elvar væri í vöndum málum vegna kaupanna á miðanum og Elvar hefði rætt það við sig. Aðspurður sagði ákærði að Elvar hefði skuldað sér pening, en hann vildi ekki tjá sig frekar um það. Ákærði neitaði því að Elvar hefði verið að sendast með fíkniefni fyrir ákærða. Ákærða var þá kynnt símtal 13. febrúar 2010, sem lögreglu hlustaði, þar sem ákærði spyr Elvar hvort hann viti hvar sykurrinn hans sé og biður Elvar svo um að setja 300-400 g í bakpoka og senda sér það með flugi. Ákærði sagði að um hafi verið að ræða íblöndunarefni í fíkniefni.

Þá var ákærði spurður hvað hefði verið átt við með „frænda Ella“ í símtölum sem lögregla hefði hlustað og sagði ákærði að það væri átt við burðardýrið, meðákærða Bjarna. Spurður um ástæðu þess að ákærði hefði sagt ósatt hjá lögreglu hvað „frændi Ella“ þýddi sagði ákærði að það hefði átt að negla hann fyrir þetta mál og hann hefði verið skíthræddur. Hann hefði fyrst frétt af þessu burðardýri eftir að það hefði verið tekið og hann hefði rætt um það í símtölunum.

Ákærða var kynnt að hinn 19. febrúar 2010 hefði komið í fréttum að sjötugur maður hefði verið tekinn á Keflavíkurflugvelli með kíló af kókaíni. Sama dag hefði Elvar hringt í ákærða og beðið hann um að koma á msn. Ákærði var

spurður hvað þeir hefðu talað um og kvaðst hann ekki muna það, enda væru tvö ár síðan, en hann kvaðst muna eftir að Elvar hefði sent honum tengil með frétt um málið. Ákærða var jafnframt kynnt að Elvar hefði sama dag hringt í meðákærða Andra Þór og viljað ræða um „frænda“ sinn, en ákærði kvaðst ekki vita af hverju Elvar hefði gert það. Ákærði kvaðst ekki muna við hvern hann hefði verið að ræða í símtali 17. febrúar 2010, sem rakið er hér að framan vegna framburðar meðákærða Andra Þórs, en í símtalinu hefði verið rætt um burðardýrið. Ákærði hefði sagt „sjitturinn“ vegna þess að honum hefði fundist leiðinlegt að Elvar lenti í veseni. Þá hefði ákærði með orðunum „týndur uppi á jökli“ átt við að burðardýrið hefði ekki skilað sér og þegar hann hefði sagt að burðardýrið væri kannski að tjilla hefði hann átt við að burðardýrið hefði kannski ekki verið tekið.

Ákærði var aftur spurður hvort hann hefði verið í sölu og dreifingu fíkniefna og svaraði hann hikandi „nei“ og sagði að hann hefði alveg reddað einhverjum, en hann hefði ekki beint verið í sölu og dreifingu fíkniefna. Ákærði neitaði því alfarið að hann tengdist innflutningi fíkniefna í máli þessu.

Um tengsl sín við meðákærða Andra Þór sagði ákærði að þeir væru æskuvinir, en þeir hefðu ekki haldið mikið sambandi eftir að mál þetta hefði komið upp. Fram kom að ákærði hefði framlengt ferð meðákærða Andra Þórs til Danmerkur. Þá kvaðst ákærði þekkja meðákærða Ágúst Jón í gegnum meðákærða Andra Þór. Ákærði sagði að hann þekki meðákærða Bjarna ekkert.

Ákærði var að lokum spurður út í tölvusamskipti við vin hans, [...], 6. september 2009, þar sem þeir ræða um sendingu á „M“ og hvort það komi „í svona tösku“, en svarað er „nei umslagi“. Ákærði sagði að „M“ væri efnið PMMA sem eigi að virka eins og MDMA, en væri ekki ólöglegt. Um orðin „í svona tösku“ sagði ákærði að allar töskur væru teknar og oft væri notaður falskur botn, en kvaðst annars ekki vita hvað væri verið að meina.

Vitnið *Elvar Pálsson* skýrði frá því að ónefndur aðili hefði beðið sig um að kaupa miða hjá Iceland-Express fyrir ákærða Bjarna. Vitnið sagði að framburður þess í fyrstu tveimur skýrslutökunum hjá lögreglu, um að það hefði ekki þekkt umræddan aðila, væri réttur. Í þriðju skýrslutökunni hefði vitnið svo sagt að ákærði Hafþór Logi hefði beðið sig um að kaupa miðann, en það væri rangt. Ástæða þess að vitnið hefði nefnt ákærða Hafþór Loga væri sú að það hefði verið ein taugahrúga í gæsluvarðhaldinu og Ásbjörn lögreglumaður hefði komið í klefann til vitnisins og viljað fá fram að ákærði Hafþór Logi væri sá sem stæði að baki máli þessu. Vitnið hefði viljað sleppa úr gæsluvarðhaldinu og ákveðið að gefa upp ákærða Hafþór Loga. Vitnið kvaðst nú ekki vilja hafa á samviskunni að saklaus maður færi í fangelsi. Um atvik við Iceland-Express kvaðst vitnið hafa verið fyrir utan söluskrifstofuna í Grímsbæ og ónefndur aðili hefði talað við ákærða Hafþór Loga og svo beðið vitnið um að kaupa flugmiðann. Maðurinn hefði beðið á meðan vitnið keypti miðann og vitnið hefði svo afhent honum flugmiðann. Vitnið kvaðst ekki þekkja þennan mann. Um ástæðu þess að vitnið gerði þetta fyrir ókunnugan mann sagði vitnið að þetta hefði verið hugsunarleysi. Fram kom hjá vitninu að með „frænda Ella“ hefði verið átt við ákærða Bjarna. Aðspurt hvort vitnið hefði á umræddum tíma skuldað ákærða Hafþóri Loga pening kvaðst það hafa gert það, en það hefði ekki verið vegna fíkniefna heldur spilaskuldar.

Vitnið *Jakob Kristinsson* prófessor skýrði og staðfesti fyrirbyggjandi matsgerðir Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Fram kom hjá vitninu að umrætt fíkniefni væri vel sterkt, en meðalstyrkur kókaíns undanfarin ár hafi verið um 50%. Jafnframt kom fram hjá vitninu að ekki hafi verið gerð rannsókn á því hér á landi hver væri meðalneyslustyrkur kókaíns, en í Danmörku væri þetta rannsakað skipulega á hverju ári. Samkvæmt nýjustu tölum þegar matsgerðin var gerð, frá árinu 2009, hafi meðalneyslustyrkur í Danmörku verið 18%.

Vitnið *Sigurlin Rósa Óskarsdóttir*, starfsmaður tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, var spurt um ástæðu þess að fyrir liggja tvær verkbeiðnir lögreglu vegna sama efnasýnis og af hverju niðurstaða rannsóknar vegna seinni verkbeiðninnar, dags. 29. apríl 2010, lægi ekki fyrir í málinu. Vitnið svaraði því til að sýni hefði verið sent til rannsóknar í upphafi máls og svo hefði aftur verið sent sýni til rannsóknar til að bera það saman við efni í öðru máli sem var talið tengjast máli þessu og kanna hvort uppruni efnanna væri sá samni. Seinni verkbeiðnin hafi því verið vegna samanburðarrannsóknar og niðurstaða þeirrar rannsóknar hafi væntanlega verið send lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Vitnið *Ásbjörn Stefánsson rannsóknarlögreglumaður* sagði m.a. að lögreglu hefðu borist ítrekaðar upplýsingar um að ákærði Hafþór Logi flytti inn fíkniefni í ferðatöskum og lögregla hefði því fylgst með honum. Lögreglan hefði svo fengið upplýsingar um að burðardýr, ákærði Bjarni, hefði verið tekið á Keflavíkurflugvelli þar sem notuð hefði verið sama aðferð, þ.e. að plastbrot, sem hefðu fundist við húsleit á Vatnsstíg 14. janúar 2010, væru sams konar og í ferðatösku ákærða Bjarna. Þá greindi vitnið frá því að í ferðatöskum væri almennt plasthlíf, en í töskum ákærða Bjarna hefði verið búið að skipta hlífinni út og setja plasthlíf sem væri sérstaklega smíðuð og hol að innan og hún svo fyllt af kókaíni. Brotin, sem hefðu fundist í húsleitinni að Vatnsstíg og hlifin í tösku ákærða Bjarna, væru alveg eins. Vitninu var kynntur framburður ákærða Andra Þórs við aðalmeðferð málsins um að lögregla hefði beitt hann miklum þrýstingi og neitaði vitnið því alfarið. Þá sagði vitnið að það kæmi ekki á óvart að ákærði Andri Þór hefði breytt framburði sínum við aðalmeðferð málsins og það væri ekki óalgengt í málum sem þessum.

Vitnið *Bogi Sigvaldason rannsóknarlögreglumaður*, sem rannsakaði ferðatöskur ákærða Bjarna, lýsti því fyrir dómi hvernig fíkniefnin hefðu fundist í harðplastrenningi og að sýni hefði verið sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Einnig komu fyrir dóm vitnin *Guðmundur Þ. Brynjarsson tollvörður*, *Andri Fannar Helgason rannsóknarlögreglumaður*, *Ásmundur Kr. Ásmundsson aðalvarðstjóri* og *Jón Halldór Sigurðsson lögreglufultrúi*, en ekki er ástæða til að rekja vitnisburð þeirra hér.

## V.

Upphaf máls þessa er að rekja til þess að lögreglu bárust ábendingar um að ákærði Hafþór Logi flytti inn fíkniefni í ferðatöskum og hinn 14. janúar 2010 framkvæmdi lögregla húsleit að Vatnsstíg 21 í Reykjavík, þar sem ákærði Hafþór Logi bjó ásamt ákærða Andra Þór. Við leitina fundust plastbrot með holum rásam, og var talið að þau væru úr ferðatöskum, og í þeim voru kókaínleifar. Hvorugur ákærðu vildi kannast við plastbrotin. Það bar svo til tíðinda 11. febrúar 2010 að ákærði Bjarni var handtekinn á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, er hann var að koma frá

Kaupmannahöfn, með tvær ferðatöskur þar sem kókaín var falið í harðplastrenningum með holum rásum, alveg eins og þeim sem fundust við framangreinda húsleit. Eins og vitnið Ásbjörn Stefánsson rannsóknarlögreglumaður skýrði fyrir dómi var búið að skipta út hlíf sem var í töskum ákærða Bjarna og setja umræddan plastrenning í staðinn og fylla með kókaíni.

Framburður ákærða Bjarna um aðdragandann að ferð hans og afhendingu á umræddum ferðatöskum hefur ekki verið á einn veg og á köflum verið mjög ruglingslegur. Í fyrstu greindi ákærði Bjarni frá því að nokkru áður en hann hafi farið til Danmerkur að heimsækja son sinn hefðu menn, sem hann þekki ekkert, haft samband við hann og þvingað hann til að taka við töskum í Danmörku og flytja þær til landsins. Ákærði sagði jafnframt að hann hefði verið búinn að kaupa flugmiða til Danmerkur fyrir eigið fé, en hann hefði ekki verið búinn að kaupa miða til baka þar sem hann hafi ekki verið búinn að ákveða hvað hann yrði lengi. Einnig sagði ákærði að hann hefði ekki móttengið neina peninga fyrir ferðina. Við aðalmeðferð málsins sagði ákærði hins vegar að hann hefði ekki verið þvingaður til að fara í ferðina, heldur eftir að hann fór út og vildi hætta við, og að hann hefði fengið fyrirframgreiðslu fyrir að flytja töskurnar.

Samkvæmt gögnum málsins fór ákærði til Danmerkur 4. febrúar og kom aftur til landsins 11. febrúar 2010. Hann hefur greint frá því að hafa ferðast milli Ringsted og Kaupmannahafnar. Við skýrslutöku hjá lögreglu 12. febrúar 2010 kvaðst hann hafa farið með lest til Kaupmannahafnar daginn eftir komu sína til Danmerkur, þ.e. 5. febrúar, og þá hitt mann sem hefði látið hann hafa töskurnar. Ákærði breytti síðar framburði sínum og sagði að hann hefði farið á mis við mennina 5. febrúar. Þegar ákærði var spurður um lestarmiða sem fundust í fórum hans, vegna ferðar til Kaupmannahafnar 8. febrúar, kvaðst ákærði hafa farið þann dag til að hitta vini sína og svo farið aftur til Kaupmannahafnar 10. febrúar og móttengið töskurnar. Ákærði breytti aftur framburði sínum og sagði að hann hefði hitt mennina 8. febrúar og þá hafi verið ákveðið að hann ætti að taka við töskunum 10. febrúar. Jafnframt hefur ákærði sagt að hann sé ekki viss um tímasetningar, en hann fullyrti hins vegar í skýrslu sem hann gaf fyrir dómi 26. febrúar 2010, við rannsókn málsins, að þegar hann hefði farið til Kaupmannahafnar hefði hann alltaf sett lestarmiðana í veski sitt, en hann hafi það fyrir venju að henda engum miðum. Að þessu virtu og í ljósi þess að í veski ákærða fundust aðeins miðar vegna þriggja ferða, 4. febrúar, þegar hann kom til Danmerkur, 8. febrúar og 11. febrúar, daginn sem hann fór til Íslands, verður því slegið föstu að ákærði hafi farið til Kaupmannahafnar 8. febrúar og móttengið umræddar ferðatöskur. Samkvæmt framburði ákærða hjá lögreglu daginn eftir handtöku vissi hann að það væri kókaín í töskunum, en í skýrslutöku fyrir dómi 26. febrúar 2010 sagði hann að hann hefði haldið að í þeim væru e-töflur eða eitthvað svoleiðis. Ákærða var því ljóst að það voru fíkniefni í töskunum en skeytti engu um magn eða tegund þeirra.

Með vísan til alls framangreinds verður ákærði Bjarni sakfelldur fyrir að hafa farið til Kaupmannahafnar í því skyni að taka á móti og flytja umrædd fíkniefni til landsins, eins og honum er gefið að sök í 4. tl. I. kafla ákæru. Hins vegar þykir ekki sýnt fram á annað en að ákærði hafi verið svokallað burðardýr. Verkaður ákærða er réttilega heimfærður til refsíákvæða í ákæru.

Upp komst um þátt ákærða Ágústis Jóns við rannsókn lögreglu á síma ákærða Bjarna, en í ljós kom að hann hringdi í ákærða Bjarna úr síma á Smáratorgi

hinn 10. febrúar 2010. Ákærði Ágúst Jón hefur viðurkennt að hafa veitt ákærða Bjarna leiðbeiningar um ferðatilhögun og afhent honum farsíma, bókunarnúmer flugs og 200.000 krónur í reiðufé fyrir ferðakostnaði og upphaldi. Ákærði Ágúst Jón hefur jafnframt sagt að hann hafi verið beðinn um að hafa samband við ákærða Bjarna, en vill ekki gefa upp hver það hann af ótta við hefndaraðgerðir. Einnig hefur ákærði viðurkennt að hann hafi vitað að ákærði Bjarni hafi átt að koma með fíkniefni til landsins. Ákærði Ágúst Jón krefst hins vegar sýknu í málinu á grundvelli þess að verulegur ágalli sé á rannsókn málsins, þ.e. að lögregla hafi tvívegis sent sýni af umræddu fíkniefni til rannsóknar, 12. febrúar 2010 og 29. apríl 2010, en niðurstaða vegna seinni rannsóknarinnar liggi ekki fyrir í málinu. Vitnið Sigurlín Rósa Óskarsdóttir, starfsmaður tæknideildar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, kom fyrir dóm og greindi frá ástæðu þess að seinna sýnið var tekið. Nánar tiltekið sagði vitnið að um hafi verið að ræða samamburðarrannsókn, en efnið hafi verið borið saman við efni í öðru máli til að kanna hvort þau væru af sama uppruna. Þannig hefur verið skýrt af hverju seinna sýnið var tekið og skiptir engu máli þótt niðurstaða þeirrar rannsóknar liggi ekki fyrir í máli þessu og það breytir ekki þeirri staðreynd að tvö sýni, sem send voru til rannsóknar 12. febrúar 2010, leiddu í ljós að styrkur kókaíns í öðru sýninu var 76%, en það samsvarar 85% af kókaínklóríði, og í hinu sýninu var styrkur kókaíns 77%, sem samsvarar 86% af kókaínklóríði. Sýknukröfu ákærða Ágúst Jóns er því hafnað. Með vísan til játningar ákærða Ágúst Jóns og gagna málsins verður hann sakfelldur fyrir að hafa veitt ákærða Bjarna leiðbeiningar vegna ferðar hans, og afhent honum síma og reiðufé, eins og fram kemur í 2. t. I. kafla ákærunnar, en ekki verður fullyrt að þáttur ákærða Ágúst Jóns í málinu hafi verið annar en þessi. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði Hafþór Logi var handtekinn 3. mars 2010 og neitaði hann allri aðild að málinu. Í fyrstu neitaði hann því að hafa verið fyrir utan söluskrifstofu Iceland-Express í Grímsbæ þegar Elvar Pálsson keypti flugmiða ákærða Bjarna en viðurkenndi síðan að hann hefði verið viðstaddur. Þá neitaði ákærði Hafþór Logi að upplýsa um ástæðu þess að Elvar skuldaði honum peninga. Jafnframt vildi ákærði Hafþór Logi ekki upplýsa um netföng sín og hann vildi í fyrstu ekki segja hvað hann hefði átt við með „frænda Ella“ í símtölum sem lögregla hleraði, en svo sagði hann að þetta væri tákni en vildi ekki segja fyrir hvað. Ákærði viðurkenndi að lokum að með „frænda Ella“ hafi verið átt við ákærða Bjarna. Þannig hefur framburður ákærða Hafþórs Loga ekki verið á einn veg. Að mati dómsins gerir þetta framburð hans ótrúverðugan og hann er ekki í samræmi við gögn málsins og framburð vitnisins Elvars Pálssonar við skýrslutöku hjá lögreglu 25. febrúar 2010 og framburð ákærða Andra í skýrslu, sem tekin var af honum fyrir dómi 5. mars 2010, en þeir skýrðu báðir frá því að það hefði verið ákærði Hafþór Logi, sem hefði beðið Elvar um að kaupa miðann fyrir ákærða Bjarna, og afhent honum fyrir utan Iceland-Express peninga og upplýsingar á miða með nafni ákærða Bjarna. Það athugast að á þeim tíma sem Elvar og ákærði Andri Þór skýrðu frá þessu sátu þeir í gæsluvarðhaldi og höfðu ekki vitneskju um framburð hvor annars. Breyttur framburður þeirra við aðalmeðferð málsins um að þeir hefðu ranglega greint frá því að það hefði verið ákærði Hafþór Logi sem bað Elvar um að kaupa miðann er að mati dómsins ekki trúverðugur. Þá þykir fullljóst, samkvæmt símtali sem lögregla hlustaði hjá ákærða Hafþóri Loga 17. febrúar 2010, að hann á aðild að málinu. Í umræddu símtali var ákærða Hafþóri Loga greint frá því að ekki hefði heyrst í „frænda Ella“ og varð ákærði hissa og sagði eftir langa þögn „sjatturinn“. Þeir ræddu svo hvort „frændi Ella“ væri dauður uppi á jökli, þ.e. að burðardýrið hefði

ekki skilað sér, eða hvort hann væri að „tjilla“, þ.e. ekki verið tekinn. Þá sagði viðmælandi ákærða Hafþórs Loga að þeir þyrftu að fara að leita að þessu og ákærði Hafþór Logi sagði já, en að allt benti til þess að ákærði Bjarni væri „týndur upp í jökli“ og hann þyrði ekki að fara í „sleðaferð“ ef eitthvað týndist bara. Ekki er hægt að skilja orð ákærða Hafþórs Loga öðruvísi en þannig að hann hafi átt beina aðild að málinu og dóminum þykir fullljóst að símtal þetta snerist ekki um áhyggjur ákærða af því að Elvar væri í vandræðum vegna kaupa á farniðanum.

Þegar litið er til þess að framburður ákærða Hafþórs Loga hefur verið reikull og ótrúverðugur, að bæði Elvar Pálsson og ákærði Andri Þór báru um að það hafi verið ákærði Hafþór Logi sem bað Elvar um að kaupa miðann og látið hann fá pening, og þegar litið er til framangreinds símtals 17. febrúar 2010, auk þess sem plastbrot fundust 14. janúar 2010 á þáverandi heimili ákærða Hafþórs Loga að Vatnsstíg, sem eru sams konar og í töskum ákærða Bjarna, er sannað að ákærði Hafþór Logi hafi komið að fjármögnun og skipulagningu ferðar ákærða Bjarna, sbr. 1. tl. ákæru. Hins vegar hefur ekki verið nægilega leitt í ljós að hann hafi að öðru leyti lagt á ráðin um eða staðið að innflutningnum. Verknaður ákærða Hafþórs Loga er réttilega heimfærður til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði Andri Þór var staddur í Danmörku á tímabilinu 24. janúar til 9. febrúar 2010. Við skýrslutöku af ákærða Bjarna 16. febrúar voru honum sýndar myndir af ákærða Andra Þór og sagði ákærði Bjarni að hann líktist einum þeirra sem hefði afhent töskurnar. Myndsakbending af ákærða Andra Þór fór ekki fram með venjubundnum hætti þar sem ákærða Bjarna voru ekki sýndar neinar aðrar myndir en af ákærða Andra Þór og verður því ekki byggt á henni í málinu. Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að áður en ákærða Bjarna voru sýndar umræddar myndir hafði ákærði lýst því í skýrslutöku 12. febrúar að maðurinn, sem hefði afhent honum töskurnar í Kaupmannahöfn, hefði verið stór og ljós og á sú lýsing við ákærða Andra Þór. Jafnframt skýrði ákærði Bjarni frá því að sá sem afhenti töskurnar hefði skýrt frá því að hann ætti vini í Kaupmannahöfn en hann hefði jafnframt verið hjá vinum í Þýskalandi og kemur þetta heim og saman við ferðir ákærða Andra. Eins og rakið var hér að framan um sakfellingu ákærða Bjarna þykir ljóst að hann fékk afhent fíkniefnin í Kaupmannahöfn 8. febrúar, daginn áður en ákærði Andri Þór fór til Íslands, og fram kemur í gögnum málsins að við skoðun tollvarða á ákærða Andra Þór hafi fatnaður hans gefið sterka svörun við kókaíni. Það þykir einnig renna stoðum undir aðild ákærða Andra Þórs að ákærði Hafþór Logi, sem greiddi fyrir miða ákærða Bjarna, greiddi breytingargjald á miða ákærða Andra Þórs heim. Þegar litið er til alls framangreinds þykir sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að það hafi verið ákærði Andri sem afhenti ákærða Bjarna fíkniefnin í Kaupmannahöfn í því skyni að þau yrðu flutt til landsins, sbr. 3. tl. ákæru. Háttsemi ákærða er réttilega heimfærð undir refsíákvæði í ákæru.

## **II. kafli ákæru 18. október 2011. Fíkniefnalagabrot.**

Ákærði Andri Þór hefur skýlaust játað brot sitt. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

## Ákæra 29. nóvember 2011. Umferðarlagabrot 2. maí 2010 og 22. janúar 2011.

Ákærði Ágúst Jón hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

### Ákvörðun refsingar.

Ákærði Andri Þór er fæddur í apríl 1987. Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árinu 2003 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir ýmis hegningarlagabrot og umferðarlagabrot. Þá var hann dæmdur 13. febrúar 2006 til að sæta fangelsi í tólf mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir hegningarlagabrot og fíkniefnalagabrot. Dómurinn frá 2003 var dæmdur með. Jafnframt gekkst ákærði sjö sinnum á árinu 2006 með lögreglustjórásátt undir sektargreiðslur vegna umferðarlagabrota og fíkniefnalagabrota. Einnig var honum með viðurlagaákvörðun gert að greiða sekt fyrir umferðarlagabrot. Með dómi 19. desember 2006 var ákærði sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, umboðssvik, gripdeild, nytjastuld, fíkniefnalagabrot og akstur sviptur ökurétti. Var honum gert að sæta fangelsi í 20 mánuði, en með þessum dómi var dæmd upp 12 mánaða skilorðsbundin fangelsisrefsing sem ákærði hlaut 13. febrúar 2006. Ákærða var 24. september 2007 veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár á óafplánuðum 300 daga eftirstöðvum refsingar samkvæmt dóminum 19. desember 2006. Í dómi 21. september 2007 var ákærði sakfelldur fyrir nytjastuld, þjófnað, fjársvik og eignaspjöll, en honum var ekki gerð sérstök refsing. Ákærði rauf svo skilyrði reynslulausnar sinnar og með dómi 17. apríl 2008 var reynslulausnin dæmd upp og ákærða gert að sæta fangelsi í 11 mánuði, fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot. Með dómi 22. desember 2008 var ákærði dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Ákærða var veitt reynslulausn 25. september 2009 í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 525 dögum. Þá kemur fram á sakavottorði ákærða að með lögreglustjórásátt 19. janúar 2011 var ákærða gert að greiða sekt fyrir umferðarlagabrot og hann sviptur ökurétti í tvö ár og með lögreglustjórásátt 6. desember 2011 gekkst hann undir að greiða sekt fyrir fíkniefnalagabrot. Ákærði hefur nú rofið skilorð 525 daga reynslulausnar frá 25. september 2009 og ber að dæma upp reynslulausnina og gera ákærða refsingu í einu lagi. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að líta til þess að brot hans er stórfellt, en um var að ræða mikið magn hættulegra fíkniefna og samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerðum Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði og vitnisburði Jakobs Kristinssonar var styrkleiki efnisins mikill. Eftir atvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald sem hann sætti frá 27. febrúar til 5. mars 2010.

Ákærði Ágúst Jón er fæddur í júlí 1982 og nær sakaferill hans aftur til ársins 2000. Ákærði hefur þrisvar gengist undir sektargreiðslur með lögreglustjórásátt fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnalagabrot og hann hefur nú sinnum hlotið dóma fyrir ýmis hegningarlagabrot, fíkniefnalagabrot og umferðarlagabrot. Ákærði hlaut síðast dóm 26. mars 2009, fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir eignaspjöll. Með broti ákærða nú hefur hann rofið skilorð téðs dóms og er hann dæmdur upp og ákærða gerð refsing í einu lagi, sbr.

60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og áður segir ber við ákvörðun refsingar að líta til þess að um mikið magn hættulegra fíkniefna var að ræða að miklum styrkleika. Ákærði hefur játað háttsemi sína og er það virt honum til málsbóta. Að öðru leyti á ákærði sér ekki málsbætur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Jafnframt skal ákærði sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms að telja.

Ákærði Bjarni er fæddur í ágúst 1941. Samkvæmt sakavottorði hans var hann á árinu 2003 dæmdur í fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir fjárdrátt, en sá dómur hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar nú. Til refsipýngingar ber að líta til þess sem áður segir um magn og styrkleika efnanna. Á móti kemur að líta ber til játningar ákærða, sem hefur átt þátt í því að upplýsa um aðild annarra, og ekki er unnt að fullyrða annað en að hann hafi verið svokallað burðardýr. Einnig þykir rétt að taka nokkurt tillit til aldurs ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði Hafþór Logi er fæddur í júlí 1987. Sakaferill ákærða nær aftur til ársins 2002. Ákærði hefur frá þeim tíma hlotið fimmtán refsisdóma og eina viðurlagaákvörðun fyrir ýmis hegningarlagabrot, fíkniefnalagabrot og umferðarlagabrot. Síðast var ákærði dæmdur 17. september 2010 til að greiða 30.000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot og hann var sviptur ökurétti í þrjá mánuði. Brotið sem ákærði er nú sakfelldur fyrir var framið fyrir téðan dóm og því ber að dæma honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. laganna. Með hliðsjón af magni og styrkleika fíkniefnanna og því að ákærði á sér engar málsbætur þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

Að kröfu ákæruvaldsins og með vísan til tilvitnaðra laga- og reglugerðarákvæða skulu ákærðu sæta upptöku á 877,81 g af kókaíni, sem lögregla lagði hald á. Auk þess skal ákærði Andri Þór sæta upptöku á 3,43 g af kannabisefni.

### **Sakarkostnaður.**

Með vísan til 219. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað vegna ákæru 18. október 2011 ber ákærðu að greiða óskipt 408.509 krónur, vegna matsgerða Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði og öflunar símagagna. Ákærða Andra Þór ber jafnframt að greiða þóknun verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., sem þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 608.675 krónur. Ákærða Ágústi Jóni ber að greiða í sakarkostnað 121.963 krónur vegna ákæru, dags. 29. nóvember 2011, og þóknun verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 439.250 krónur. Þá skal ákærði Bjarni greiða í sakarkostnað þóknun verjanda síns, Björgvins Jónssonar hrl., sem er hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 646.325 krónur. Ákærða Hafþóri Loga ber að greiða í sakarkostnað þóknun verjanda síns, Arnars Sigfússonar hdl., og ferðakostnað hans. Verjandi upplýsti fyrir dómi að hann hefði þegar fengið greitt vegna vinnu á rannsóknarstigi. Þóknun verjanda nú þykir hæfilega ákveðin 439.250 krónur, en ferðakostnaður er samtals 102.078 krónur. Við ákvörðun þóknana verjanda hefur verið tekið tillit til vinnu á rannsóknarstigi, eftir því sem við á, og einnig hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan dæma héraðsdómarmennir Sandra Baldvinsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Sveinn Sigurkarlsson.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði Andri Þór Eyjólfsson sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 27. febrúar til 5. mars 2010.

Ákærði Ágúst Jón Óskarsson sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 27. febrúar til 5. mars 2010.

Ákærði Ágúst Jón er sviptur ökurétti í tvö ár frá birtingu dóms að telja.

Ákærði Bjarni Sigurgrímsson sæti fangelsi í 18 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 12. febrúar til 3. mars 2010.

Ákærði Hafþór Logi Hlynsson sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 4.-11. mars 2010.

Ákærðu skulu sæta upptöku á 877,81 g af kókaíni og ákærði Andri Þór skal auk þess sæta upptöku á 3,43 g af kannabisefni.

Ákærði Andri Þór greiði í sakarkostnað 608.675 króna þóknun verjanda síns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Ágúst Jón greiði 561.213 krónur í sakarkostnað, þar með talda 439.250 króna þóknun verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns.

Ákærði Bjarni greiði í sakarkostnað þóknun verjanda síns, Björgvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 646.325 krónur.

Ákærði Hafþór Logi greiði í sakarkostnað 439.250 króna þóknun verjanda síns, Arnars Sigfússonar héraðsdómslögmanns, og ferðakostnað hans að fjárhæð 102.078 krónur.

Annan sakarkostnað, 408.509 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Sandra Baldvinsdóttir

Ragnheiður Bragadóttir

Sveinn Sigurkarlsson

